

Aðventu og jóla í Lindakirkju

Laugardagur 19. desember kl. 17:00

Regína Ósk ásamt Pálma Sigurhjáttar, Svenna Þór, barnakór og fleiri gestum
Jólatónleikar fyrir alla fjölskylduna. Aðgangseyrir 1500 kr.
Eldri borgarar og öryrkjar 1000 kr.
Aðgangur er ókeypis fyrir 12 ára og yngri.

Sunnudagur 20. desember

Fjórði sunnudagur í aðventu

Sunnudagaskóli kl. 11:00 Kveikt verður á englakerti aðventukransins.
Guðsþjónusta kl. 14 fellur niður en kl. 20 hefst söngdagskráin

KL. 20:00 Fögnum komu ljóssins

Hið sanna inntak jóla

Kór Lindakirkju syngur aðventu og jólasálma undir stjórn Keith Reed. Auk þess koma fram: Erla Björg Káradóttir, Kvinnakór Garðabæjar, Landsvirkjunarkórinn, stúlknasöngsveit og fleiri.

Fimmtudagur 24. desember

Aðfangadagur jóla

Kl. 16:00 Jólastund fjölskyldunnar.

Kór Salaskóla syngur undir stjórn Ragnheiðar Haraldsdóttur
Jólaguðspjallið verður lesið og kunnuglegir gestir úr sunnudagaskólanum láta sjá sig.
Í lok stundarinnar fá börnin lítinn jólaglaðning frá Lindakirkju.

Kl. 18:00 Aftansöngur. Kór Lindakirkju syngur undir stjórn Keith Reed.

Einsöngur: Særún Harðardóttir

Sr. Guðmundur Karl Brynjarsson þjónar.

Kl. 23:30 Miðnæturmessa. Kór Lindakirkju syngur undir stjórn Keith Reed.

Einsöngur: Særún Harðardóttir.

Sr. Guðni Már Harðarson þjónar.

Föstudagur 25. desember

Jóladagur

Hátíðarguðsþjónusta kl. 14:00

Kór Lindakirkju syngur undir stjórn Keith Reed.

Einsöngur og fiðluleikur: Gréta Salóme Stefánsdóttir.

Sr. Sigurjón Árni Eyjólfsson, héraðsprestur þjónar.

Laugardagur 26. desember

Annar dagur jóla

Sveitamessa kl. 11:00

Ekta jólamessa þar sem sálmar eru leiknir í Country and western stíl.

Ellen Kristjánsdóttir syngur ásamt Kór Lindakirkju.

Hljómsveitina skipa: Keith Reed leikur á píanó, Hjörleifur Valsson á fiðlu,

Sigurgeir Sigmundsson á slide gítar, Magnús Sigurðsson á banjó,

Jónas Sturla Gíslason á trommur,

Jóhann Axel Schram Reed á gítar og Lárus Óskar Sigmundsson á bassa.

Prestar safnaðarins þjóna.

Fimmtudagur 31. desember

Gamlaársdagur

Hátíðarguðsþjónusta kl. 18:00

Guitar Islancio leikur.

Karlakór KFUM syngur undir stjórn Keith Reed.

Einsöngur: Elsa Waage.

Sr. Guðmundur Karl Brynjarsson þjónar.



lifandi vatn

Fréttabréf Lindakirkju - 1. tbl. 7. árg. 2009



ADVENTA OG JÓL 2009

lifandi vatn

Umsjón: Guðmundur Karl Brynjarsson og Guðni Már Harðarson.

Ljósmyndir: Haraldur Guðjónsson (hag) og fleiri.

Fréttabréfið er gefið út í 5000 eintökum og dreift á öll heimili í Lindasókn.

Ábyrgðarmaður: Guðmundur Karl Brynjarsson
Lindakirkja s: 544 4477, netfang: lindakirkja@lindakirkja.is

Bænastundir á nýju ári

Að efla bænalífið er gott áramótaheit!



Frá og með miðvikudeginum 6. janúar verða haldnar bænastundir í Lindakirkju kl. 12 alla miðvikudaga. Allir velkomnir, gott samfélag. Boðið verður upp á kaffi, te og bollasúpu að lokinni bænastund.


Keith Reed í leyfi

Óskar Einarsson leysir hann af

Keith Reed sem verið hefur organisti í Lindasókn síðustu ár hefur óskað eftir hálfis árs námsleyfi frá áramótum og mun hann dvelja í Bandaríkjunum við nám og störf fram á næsta sumar. Óskar Einarsson hefur verið ráðinn til að annast tónlistarlífið í Lindakirkju í fjarveru hans. Óskar er landskunnur fyrir störf sín með Gospelkór Reykjavíkur og sem tónlistarstjóri Filadelfíu. Við bjóðum hann velkominn til starfa í Lindakirkju.



Óskar Einarsson



MYNDASÝNING

Sett hefur verið upp ljósmyndasýning í Lindakirkju í tilefni af 80 ára afmæli Sambands íslenskra Kristniboðsfélaga. Ljósmyndasýningin var opnuð fyrsta sunnudag í aðventu og verður opin fram yfir áramót. Á sýningunni eru myndir sem spanna starf íslenskra kristniboða í Keníu, Eþíópíu og Kína um 80 ára skeið. Sýningin sýnir mismunandi aðstæður fólks og starf íslenskra kristniboða á sviði boðunar, menntunar og heilsugæslu. Sýningin er opin á opnunartíma Lindakirkju.

Molar um safnaðarstarfið

Breyting á messutímum

Eins og komið hefur fram var þátttaka mikil og góð í helgihaldi í Lindakirkju á sunnudögum þetta haustið. Frá upphafi safnaðarstarfsins hafa messur og guðsþjónustur verið haldnar kl. 11 og sunnudagaskólinn samtímis. Vegna mikillar aðsóknar barna í sunnudagaskólann þetta haust varð fljótt ljóst að húsrúm var ekki nægt. Því var brugðið á það ráð að halda sunnudagaskólum á sínum tíma, þ.e. kl. 11 en færa guðsþjónustur til kl. 14. Einungis er um tímabundna ráðstöfun að ræða eða þar til kirkju-skipti kemst í fulla notkun.



Guðni Már í foreldraorlof

Sr. Guðni Már verður í foreldraorlofi í janúar næstkomandi en sr. Ragnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sambands Íslenskra Kristniboðsfélaga mun leysa hann af.

Fræðslukvöld

Miðvikudagskvöld í Lindasókn hafa undanfarin misseri verið löggö undir fræðslustarf, einkum Alfa námskeið. Á komandi vormisseri verður Alfa námskeiðum gefið frí en þess í stað boðið til fræðslukvölda af fjölbreyttum toga tvisvar til þrisvar í mánuði. Dagskrá þeirra má lesa á næstu síðu.

FRÆÐSLUKVÖLD Á NÝJU ÁRI

Á vormánuðum verður boðið upp á fjölbreytileg fræðslukvöld af ýmsum toga í Lindakirkju. Þau eru eftirfarandi:

13. janúar kl. 20. **Opinberunarbók Jóhannesar.**
Dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson.

27. janúar kl. 19.30 **Öryggi í öndvegi**
Námskeið um sparnað. Ingólfur H. Ingólfsson

11. febrúar kl. 20 **Simpson, Futurama og Guð.**
Sr. Árni Svanur Daníelsson og sr. Guðni Már Harðarson fjalla um efnið.

24. febrúar kl. 20 **Tveir heimar, To verdener**
Horft verður á þessa kvikmynd eftir danska leikstjóran Niels Arden Oplev, þann sama og leikstýrði myndinni *Karlar sem hata konur*. Bjarni Randver Sigurvinsson, háskólakennari flytur stuttan formála að myndinni en að lokinni sýningu hennar verður boðið upp á umræður.

10. mars kl. 20 **Bænin og sálarlífið 1**
Sr. Guðmundur Karl Brynjarsson og Marteinn Steinar Jónsson, sálfræðingur fjalla um efnið.

17. mars kl. 20 **Bænin og sálarlífið 2**
Sr. Guðmundur Karl Brynjarsson og Marteinn Steinar Jónsson, sálfræðingur fjalla um efnið.



FÖGNUM KOMU LJÓSSINS!

Í LINDAKIRKJU 20. desember kl. 20:00

Hið sanna inntak jólanna.

- Kór Lindakirkju
- Kvennakór Garðabæjar
- Landsvirkjunarkórinn
- Stúlknasöngsveit og fleiri gestir



Annar dagur jóla kl. 11:00

Ellen Kristjánsdóttir

Kór Lindakirkju ásamt hljómsveit

Báðir prestar safnaðarins þjóna.

„Öryggi í öndvegi“

LINDAKIRKJA í samvinnu við Sparnað ehf. býður öllum sóknarbörnum á námskeið með **Ingólfi H. Ingólfssyni**. Á námskeiðinu mun Ingólfur H. kynna ákveðna hugmyndafræði í fjármálum sem hann hefur verið að boða á undanföllum árum.

Námskeiðið verður haldið þann **27. janúar** klukkan **19:30** í LINDAKIRKJU. Vinsamlegast skráið ykkur með tölvupósti á lindakirkja@lindakirkja.is eða á thorbjorg@sparnadur.is, eins er hægt að skrá sig í síma

LINDAKIRKJU 544-4477

Á námskeiðinu lærir þú:

Að greiða hratt niður skuldir.

Að hafa gaman af því að nota peningana.

Að byggja upp sparnað og hvar öruggt er að spara.

Allt þetta með þeim peningum sem þú átt nú þegar!

Eftir námskeiðið er boðið upp á einkatíma hjá ráðgjöfum Sparnaðar.

Vertu vinur Lindakirkju á

facebook



INGI
HÓPFERÐIR
55 444 66